


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í ágúst 2020

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 11. september 2020

Akureyri. Heildarfrjöldi frjókorna á Akureyri í ágústmánuði var 1259 frjó/m³, töluvert yfir meðaltali árána 1998–2019 sem er 953 frjó/m³. Ágúst var fremur hlýr á Norðausturlandi samkvæmt Veðurstofu Íslands og frjókorn voru samfellt í lofti allan mánuðinn.

Langflest frjókornanna voru grasfrjó eða 1164 frjó/m³ og reyndust þau vera 92% allra frjókorna ágústmánaðar. Meðaltal grasfrjóa í ágúst er 878 frjó/m³. Þau mældust alla daga mánaðarins, fóru fjórum sinnum yfir 100 frjó/m³ og fóru hæst í 161 frjó/m³ þriðjudaginn 11. ágúst.

Aðrar helstu frjógerðir í ágúst voru netlu-, elftingar- og súrufrjó, en lítið mældist af þeim.




Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst á Akureyri. Frjótalan náði fjórum sinnum yfir 100 frjó/m³ og mest var af frjóum þann 11. ágúst eða 166 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Í ágúst var heildarfjöldi frjókorna í Garðabæ 291 frjó/m³, langt undir meðaltali í ágúst sem er 480 frjó/m³. Þrátt fyrir að fyrri hluti mánaðarins hafi verið mjög úrkomusamur sunnanlands mældust frjó alla daga mánaðarins fyrir utan einn, 29. ágúst, en lítið var um háar frjótölur. Hæst fór frjótalan í 47 frjó/m³ þann 16. ágúst og voru aðallega grasfrjó sem mældust þann dag.

Flest frjókornanna í ágúst voru grasfrjó. Heildartala þeirra í mánuðinum var 220 frjó/m³ sem er töluvert undir meðaltali, sem er 369 frjó/m³. Aðrar helstu frjógerðir sem mældust voru lyng- og súrufrjó en lítið mældist af þeim.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 43 frjó/m³ þann 16. ágúst. Mest var af frjóum þann sama dag, eða 47 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Grasfrjó geta mælst í september en ólíklega í miklu magni nema í sérlega góðu haustveðri.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Akureyri, 11. september 2020

Aníta Ósk Áskelsdóttir

Netfang anita@ni.is

www.ni.is

